



15. fundur landbúnaðarnefndar
F26-07-069

Landbúnaðarnefnd Fundargerð

Fundur haldinn þann 10.8.2026, 09:00 – 10:30. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Magnús Sigurjónsson formaður
Ritari: Magnús Sigurjónsson
Fundinn sátu: Friðrún Fanný Guðmundsdóttir varaformaður
Birgir Þór Haraldsson aðalmaður
Helgi Páll Gíslason aðalmaður
Emil Jóhann Þorsteinsson aðalmaður

1. M26-06-122 - Girðingamál

Björn Svanur Þórisson kom á fundinn undir þessum lið og rætt var um þau verkefni sem búin eru og það sem eftir er að gera. Búið er að fara með girðingunni í Víðidalsfjalli og á Grímstunguheiði. Á Auðkúluheiði er búið að fara með girðingu frá Vatnsdalsá í Blöndu. Skipt var um net á girðingu milli hestahólfs á Auðkúluheiði og Sauðadal. Búið er að fara með girðingunni á Mosás og á milli vatna. Búið er að fara á Skagaheiði og Kálfshamarsvík. Einnig er búið að fara með girðingunni við Kirkjuskarð. Nú er unnið viðgerð á nátthagagirðingu við Auðkúlurétt. Fyrir liggur að klára hólf við skála, réttir og nátthólf.

2. M26-08-468 - Reglugerð um flutning sauð- og geitfjár yfir varnarlínur

Lagt fram erindi frá Matvælastofnun, dags. 14. apríl 2026, þar sem vakin er athygli á nýrri reglugerð um flutning sauð- og geitfjár yfir varnarlínur

3. M26-08-467 - Ábendingar til sveitarfélaga vegna búfjðárbeitar og ágangs búfjár

Erindi frá atvinnuvegaráðuneytinu, dags. 24. júní 2026, með ábendingum til sveitarfélaga vegna búfjðárbeitar og ágangs búfjár, lagt fram til kynningar.

4. M26-08-466 - Sauðadalssamningur

Landbúnaðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að verða við beiðni fjallskiladeilda Grímstungu- og Haukagilsheiða og Auðkúluheiðar um gerð nýs samnings um Sauðadal. Fyrirkomulag gangna helst óbreytt haustið 2026.

5. M26-06-124 - Fjallskilasamþykkt A-Hún

Drög að nýrri fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu

Farið var yfir stöðu mála er varðar breytingar á fjallaskilasamþykkt. Vinna mun halda áfram, boðað verður til vinnufundar nefndarinnar auk fjallaskilastjóra.

6. M26-06-123 - Styrkvegaframkvæmdir

Staða mála

Birgir Þór vék af fundi undir þessum lið.

Pétur Arason kom á fundinn undir þessum lið. Ekki er búið að fara í neinar framkvæmdir á þessu ári. Rætt var um veginn við Stafnsrétt, Vaglaveg, veginn upp á Grímstungu- og Haukagilsheiði ásamt veginn milli Mánaskálar og Núps. Nefndin leggur til að nú þegar verði heflaður vegur á Laxárdal og framkvæmdir við Vaglaveg verði lokið. Einnig ítrekar nefndin að farið verði í lagfæringu á veginum upp á Haukagilsheiði eins og áður hefur verið samþykkt af byggðarráði og staðfest í sveitarstjórn. Mikilvægt er að fengnir verði verktakar í framkvæmdirnar sem fyrst.

7. M26-06-342 - Viðburðir á vegum Húnabyggðar

Kynning á viðburðum Húnabyggðar Erindi vísað til nefndarinnar frá Atvinnu- og menningarnefnd

Umræður urðu um erindið sem við kemur stóðsmölun á Laxárdal. Formanni nefndarinnar falið að ræða við fjallaskilastjórn Enghlíðinga.

8. M26-06-125 - Önnur mál landbúnaðarnefndar

Ekkert var bókað undir þessum lið

Fundi slitið 10:30.